

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja- Heklan.

2. fundur

Þann 16. Júní 2011 klukkan 12:00 er fundur haldinn í stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja, fundarstaður er skrifstofa Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, lðavöllum 12b, 230 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Gunnar Ellert Geirsson, Árni Sigfússon, Sigrún Árnadóttir, Inga Sigrún Atladóttir, Ásmundur Friðriksson, Róbert Ragnarsson, Kjartan Eiríksson og Berglind Kristjánsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Mál Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt með breytingum.
2. Mál Drög að starfslýsingum fyrir nýja starfsmenn Heklunnar
Stjórnin ræddi starfagreininguna og drög að auglýsingunni sem lá fyrir á fundinum.
Auglýsingin samþykkt með breytingartillögum. Framkvæmdastjóra falið að leggja lokahönd á auglýsinguna og senda stjórn til yfirlestrar.
3. Mál Drög að samningi við Kadeco vegna húsnæðis
Drögin rædd af stjórn, málinu frestað til næsta fundar.
4. Mál Atvinnu- og nýsköpunarhelgi á Suðurnesjum
Stjórnin samþykkir að greiða kr. 250.000 til að festa atburðinn hjá Innovit.
5. Mál Staða verkefna frá síðasta fundi
Framkvæmdastjóri sagði frá því að lénið heklan.is hefur verið skráð á Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja. Lögð voru fyrstu drög að sameiginlegum verkefnalista.
6. Mál Önnur mál
Rætt var um „logo“ fyrir hið nýstofnaða félag. Stjórnin samþykkir að setja af stað samkeppni um merkið. Samkeppnin verður kynnt á heimasíðu sveitarfélaganna.
Framkvæmdastjóra falið að leggja rekstraráætlun fyrir næsta stjórnarfund.
Málefni tengd flughermi á Ásbrú rædd. Stjórnin tók vel í erindið.

Næsti fundur ákveðinn 8. Júlí kl. 12:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:47.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:29.